

Samrunaáætlun

Stjórnir Hlutabréfasjóðs Íslands hf., kt. 601191-2379, Skipagötu 9, Akureyri og Kaldbaks fjárfestingafélags hf., kt. 670169-3679, Hafnarstræti 91-95, Akureyri, gera með sér svohljóðandi

samrunaáætlun


1. Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin undir nafninu Kaldbakur hf. Sameiningin er á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samþykktir Kaldbaks fjárfestingafélags hf. munu gilda fyrir hið sameinaða félag. Samruninn skal miðast við 1. júlí 2002.
2. Við samrunann verður Hlutabréfasjóði Íslands hf. slitið.
3. Við samrunann fá hluthafar í Hlutabréfasjóði Íslands hf. eingöngu hlutabréf í Kaldbaki fjárfestingarfélagi hf. að nafnverði kr. 110.675.000 í skiptum fyrir alla hluti sína í Hlutabréfasjóði Íslands hf. samtals að nafnverði kr. 233.000.000 eða sem nemur 7,44% af heildarhlutafé sameinaðs félags. Við samruna fá hluthafar í Hlutabréfasjóði Íslands hf. afhent hlutabréf að nafnverði 0,475 krónur í Kaldbaki fjárfestingarfélagi hf. fyrir hverja 1,00 krónu sem þeir eiga að nafnverði í Hlutabréfasjóði Íslands hf.
4. Eftir samrunann verður hlutafé Kaldbaks fjárfestingarfélags hf. kr. 1.488.429.649, en þar af eru eigin hlutabréf félagsins að nafnverði kr. 149.369.953 á samrunadegi, 1. júlí 2002.
5. Þeir hlutir sem hluthafar Hlutabréfasjóðs Íslands hf. fá í Kaldbaki fjárfestingarfélagi hf. í skiptum fyrir hluti sína í Hlutabréfasjóði Íslands hf. skulu veita rétt til arðs frá samrunadegi 1. júlí 2002.
7. Réttindum og skyldum Hlutabréfasjóðs Íslands hf. skal reikningslega teljast lokið 1. júlí 2002 og frá þeim degi tekur Kaldbakur fjárfestingarfélag hf., við öllum eignum og skuldum og tekjum og greiðir öll gjöld vegna yfirtekna félagsins.
8. Enginn skal njóta sérréttinda í hinu sameinaða félagi.
9. Ekki er um að ræða nein hlutabréf eða skuldabréf með sérstökum réttindum í félögunum.


10. Til staðfestu samningi þessum undirrita hann stjórnir Hlutabréfasjóðs Íslands hf. og Kaldbaks fjárfestingafélags hf.

Akureyri, 3. október 2002.

Í stjórn Hlutabréfasjóðs Íslands hf.

Í stjórn Kaldbaks fjárfestingafélags hf.


Þórunn Guðjónsdóttir


Tróttur P. Haraldsson
Lárus Guðni Lárusson
Jónas Guðjónsson